

**Enska - English**

Pólska - Polski

Spænska - Español

Filippseyska - Filipino

عَرَبِيٌّ - Arabiska

Rússneska - Русский

کوردی - Kúrdíška

Litháíska - Lietuviškai

Albanska - Shqip

Víetnamska - Tiếng Việt

Tælenska - گاراچانی

فارسی - Farsi



# Tyllidagar

Útskýringar á íslenskum  
hátíðisdögum og siðum  
Explanations of Icelandic days of  
celebration and customs

# Þorrablót

Þorrablót vár hátíð á öldum áður þegar íslendingar blótuðu Þór sem var guð í norrænni ásatrú. Nú til dags fagna íslendingar þorrablóti á sama tíma til að fagna þorramánuði sem áður var á dagatali íslendinga. Í gamla daga var árinu skipt í tvær árstíðir, sumar og vetur. Þorri vár fjórði mánuður vetrar og var frá 19.-25. januar til 18.-24. febrúar. Fyrsti dagur þorra var bónadagur. Íslendingur halda þorran hétíðlegan með því að borða hefðbundinn vetrarmat sem var það eina sem var í boði yfir vetrartímann. Maturinn var yfirleitt fiskur og kjöt sem var geymt í salti og sýru. Í dag fagna íslendingar þorranum með mikilli skemmtun þar sem sungið er og dansað og snæddur matur sem mörgum finnst ógeðfellur. Þar má nefna blóðmör og lifrapylsu sem saman er kallað slátur, sviðnir kindahausar (svið), kæstur hákarl og súrir hrútspungar. Annar eðlilegri matur er rúgbrauð sem áður var bakað við jarðhita, skyr, hangikjöt og harðfiskur með smjöri.

Thorrablot was a festival celebrated in the previous centuries when Icelanders worshipped Thor who was a god in Nordic Æsir religion (belief in the old Nordic gods). Nowadays Icelanders celebrate thorrablot at the same time in order to celebrate the month of thorri which was previously in the Icelandic calendar. Back in the days, the year was divided in two seasons, summer and winter. Thorri was the fourth month of winter from the 19th-25th of January to 18th-24th of February. The first day of thorri was bónadagur (man's day). Icelanders celebrate thorri by eating traditional winter food which was the only food available during winter. The food was usually fish or meat stored in salt and acid. Today Icelanders celebrate thorri with great feasts where people sing and dance and eat food that many find unpleasant. Black/blood sausage, liver sausage which together is called slátur (innards of sheep), boiled sheep's head (svið), fermented shark and sour ram testicles are there among. There is also other more normal food such as rye bread, which previously was baked with geothermal heat, skyr (a yogurt-like product), smoked lamb and dried fish with butter.



# Bóndadagurinn

Fyrsti dagur mánaðarins borra í gamla norræna tímatalinu er nefndur bóndadagur. Hann er alltaf á föstudagi í 13. viku vetrar. Sú hefð hefur skapast að konur gefi bónda sínum blóm eða smágjöf á þessum degi.

The first day of the old Nordic month of thorri is called bóndadagur, man's day, and is always on a Friday in the 13th week of winter. It is a tradition that women give their husbands flowers or a little present on this day.

# Konudagurinn

Konudagur er fyrsti dagur mánaðarins góu í gamla norræna tímatalinu sem er sunnudagurinn í 18. viku vetrar á milli 18. – 24. febrúar. Sú hefð er að menn gefi konum blóm í tilefni konudagsins.



Konudagur, woman's day, is the first day of the old Nordic month of góa, which is a Sunday in the 18th week of winter, between 18th and 24th of February. It is a tradition that men give their wives flowers on this occasion.


# Bolludagurinn

Á Íslandi hefur tíðkast að borða bollur sem eru annað hvort vatnsdeigsbollur eða gerbollur fylltar með allskyns rjóma og sultu. Rík hefð var fyrir því að föndraðir voru bolluvendir, oftast úr litríkum pappírsræmum sem límdar eru á prik. Börn flengdu svo foreldra sína með vendinum og hrópuðu; Bolla! Bolla! Bolla!

In Iceland it has become a tradition to eat buns, either made from water or yeast dough, filled with various kinds of cream and jam. Part of the tradition on this day is to make craft that consists of a stick decorated with different coulored paper. The children give their parents a little „spank“ with the bun stick (bolluvöndur) while they shout; Bun! Bun! Bun!



**Sprengidagurinn**  
Á þessum degi tíðkast á  
flestum heimilum á  
Íslandi að elda réttinn  
„Saltkjöt og baunir“.



On this day, Shrove Tuesday, it is a custom in most Icelandic homes to serve salt-meat and bean (lentil) soup as a meal.

# Öskudagurinn

Á þessum degi er hefð fyrir því að börn klæði sig í grímubúning og syngi fyrir fólk og fái að launum saelgæti. Að hengja öskupoka á fólk tíðkast á Íslandi og var lykilatriðið að koma pokunum fyrir svo að fórnarlambið tæki ekki eftir því.

On this day, Ash Wednesday, it is a tradition that children wear costumes and sing to people in exchange for candy. As part of the tradition, people pin little bags (öskupoki/ash bag) on others and the main challenge is to pin them onto the „victim“ without being noticed.



# Páskar

Páskahátíðin tengist kristinni trú. Síðasti sunnudagur fyrir pásku nefnist pálmusunnudagur. Fimmtudagur fyrir pásku heitir skírdagur og daginn eftir er föstudagurinn langi en þá er frídagur. Páskadagur er sunnudagur og þá borða börn súkkulaði sem kallast páskaeegg.

Easter is connected to Christianity. The last Sunday before Easter is called Palm Sunday. Maundy Thursday is the Thursday before Easter and the day after is Good Friday which is a holiday. On Easter Sunday children eat chocolate called Easter eggs.



# Sumardagurinn fyrsti

Sumardagurinn fyrsti er fyrsti dagur hörpu, sem er fyrstur af sex sumarmánuðum í gamla norræna tímatalinu.

Sumardaginn fyrsta ber alltaf upp á fimmtudag á tímabilinu 19. – 25. apríl. Samkvæmt íslenskri þjóðtrú boðar það gott sumar ef sumar og vetrur frjósa saman. Á undanförnum árum hefur færst í vöxt að bæjarfélög haldi ýmiss konar hátíðir fyrir börn og fjölskyldur þeirra á þessum degi.

The First Day of Summer is the first day of harpa, which is the first of six summer months in the old Nordic calendar. The First Day of Summer is always on a Thursday in the period of 19th-25th of April. If summer and winter freeze together the summer will be good according to an Icelandic folk belief. In recent years, it has become increasingly common for municipalities to hold various festivals for children and their families on this day.



# Sjómannadagurinn

Sjómannadagurinn er fyrsti sunnudagurinn í júní ár hvert. Hann er hátíðisdagur allra sjómanna. Flest bæjarfélög halda upp á þennan dag með einhvers konar skemmtidagskrá við höfnina.

Fisherman's Day is the first Sunday in June every year. It is a celebration day for all fishermen. Most municipalities celebrate this day with some kind of entertainment program by the harbour.



# 17. júní

Íslenski þjóðhátíðardagurinn er haldinn hátíðlegur 17. júní ár hvert. Það er fæðingardagur Jóns Sigurðssonar og almennur frídagur. Á 17. júní er fjölbreytt hátíðardagskrá til að minnast lýðveldi Íslands þann 17. júní 1944.

The Icelandic National Day (Icelandic: Þjóðhátíðardagurinn, the day of the nation's celebration) is an annual holiday in Iceland. It is the birthday of Jón Sigurðsson and is a public holiday. On the 17th of June there is varied holiday program to commemorate the foundation of The Republic of Iceland on the 17th of June 1944.

# Verslunarmannahelgi

Frídagur verslunarmanna er fyrsti mánudagur í ágústmánuði. Hann myndar þriggja daga helgi sem kölluð er verslunarmannahelgi. Frídagur verslunarmanna var upphaflega bara fyrir verslunarmenn en bessi þriggja daga helgi varð mjög vinsæl sem almenn ferðahelgi og mánudagurinn er nú lögboðinn frídagur. Helgin er ein mesta ferðahelgi ársins og fjölbreyttar útihátíðir eru haldnar víða um landið.


Holiday of the tradespeople is on the first Monday in August. It makes a three-day weekend which is called verslunarmannahelgi (bank holiday weekend). Originally the holiday of tradespeople was only intended as a holiday for tradespeople but this three-day weekend became very popular as a travel weekend and the Monday is now a general statutory holiday. The weekend is one of the biggest travel weekends of the year and various festivals are held all over the country.



# Þorláksmessa

Þorláksmessa er þann 23.desember. Hún er kennd við Þorlák hinn helga þorláksson biskup í Skálholti en hann lést þennan dag. Í dag er Þorláksmessa hluti af jólaundirbúningnum og þá borða margir kæsta skötu og lyktin af Þorláksmessuskötunni finnst um allan bæ.

Þorláksmessa, Thorlakur's mass, is on the 23rd of December. It is named after Thorlakur the holy Thorlaksson bishop in Skálholt but he died on that day. Today Þorláksmessa is a part of the Christmas preparations where many people eat putrefied skate and one can smell the skate all over town.



# Jól

Jól eru haldin hátíðleg þann 24. desember. Jólin eru hringd inn klukkan sex á aðfangadagskvöld. Jólamatinn er oftast kjötmeti s.s. rjúpa, hangikjöt eða hamborgarahryggur ásamt meðlæti. Flestir verja aðfangadagskvöldi með fjölskyldunni og opna gjafir eftir jólamatinn. Jólaskreytingar eru áberandi á Íslandi og jólaljósin lýsa upp dimmasta skammdegið.



Christmas is celebrated on the 24th of December. The Christmas rings in at 6pm on Christmas Eve (aðfangadagskvöld). Traditional Christmas dishes often include meat, such as ptarmigan, smoked lamb or smoked pork along with side dishes. Most people spend Christmas Eve with their families and open presents after Christmas dinner. Christmas decorations are prominent in Iceland and the Christmas lights brighten up the dark winter days and nights.



# Gamlárskvöld

Gamlársdagur er síðasti dagur almanaksársins 31. desember, í vestrænni menningu. Margir minnast liðins árs á gammárskvöld og fagna hinu nýja ári með veisluhöldum og með því að skjóta upp flugeldum. Ymsar hefðir eru í kringum hátíðarhöld og víða eru áramótabrennar.

In Western culture, New Year's Day is the last day of the calendar year, 31st of December. On New Year's Eve, people commemorate the past year and celebrate the new one with celebrations and fireworks. There are various traditions celebrated on this day and in many places there are bonfires.

# Þrettándinn

Lokadagur jóla er 6. janúar. Þá fer síðasti jólasveinninn aftur til fjalla og þar með lýkur jólunum. Á þrettándanum eru oft haldnar útiskemmtanir með brennu, dans og söng. Þar koma stundum fram álfar, tröll og jólasveinar. Fólk kemur saman við brennuna með kyndla, skýtur upp síðustu flugeldunum frá áramótum og syngur saman áramóta- og álfasöngva.

The last day of Christmas is the 6th of January. Then the last Yule Lad, Kertasníkir, goes back to the mountains and thereby Christmas is over. Often various outdoor entertainments are held with bonfires, dancing and singing. There, elves, trolls and Yule lads sometimes appear. People gather around the bonfire with torches, light the last fireworks from New Year's Eve and sing New Year and elf-themed songs.





LÁTUM  
**DRAUMANA**  
RÆTAST



Menntastefna  
Reykjavíkurborgar

